

15. mars 2013

1303071

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 141. löggjafarþing, 630. mál

Með tölvupósti dags. 11. mars sl. óskaði allsherjar- og menntanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu er skýrt frá helstu breytingum frá nógildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þar kemur fram að gert verði ráð fyrir að námsmenn geti að loknu námi og uppfylltum ákveðnum skilyrðum fengið námsstyrki í formi niðurfærslu þegar tekins námsláns. Einnig eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi ábyrgðarmennsku, lánshæfismati og heimildum til lánveitinga.

Seðlabanki Íslands bendir á að kanna þarf vel áhrif frumvarpsins á fjárhag Lánasjóðsins og framlag ríkisins til hans í ljósi þröngrar stöðu ríkissjóðs. Að öðru leyti tekur bankinn ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Lúðvík Elíasson
sérfræðingur